

74
27. júní

L Ö G

um friðun æðarfugls.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Enginn má drepa æðarfugl af ásettu ráði. Sé það gert, varðar það 100 kr. sekt fyrir hvern fugl, sem drepinn er. Sektin tvöfaldast við hverja ítrekun brotsins, allt að 1000 kr. Sé fuglinn drepinn með byssuskoti, er byssan upptæk, og rennur andvirði hennar í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

2. gr.

Enginn má kaupa eða selja æðaregg, eða á nokkurn hátt af hendi láta, nema eggskurn til vísindalegra þarfa. Eigi má hirða eða á nokkurn hátt nýta dauða æðarfugla eða hluta af þeim.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá 50—1000 kr.

3. gr.

Frá 15. apríl til 15. júlí eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til.

4. gr.

Frá 15. apríl til 15. júní má enginn, án leyfis varpeiganda, leggja hrognkelsanet eða önnur net nær friðlýstu varplandi hans en $\frac{1}{4}$ km. frá stórstraumsfjörumáli.

5. gr.

Hvergi á Íslandi má leggja æðarfuglanet.

Brot gegn ákvæðum 3., 4. og 5. gr. varða sektum frá 50—1000 kr., auk sekta samkv. 1. gr. fyrir fugla þá, sem drepnir eru með netunum eða skotunum. Netin skulu upptæk, og rennur andvirði þeirra í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

6. gr.

Sýslumenn skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypiss, friðlýsa öllum æðarvörpum í lögsagnarumdæminu og brýna fyrir mönnum að hlýða lögum þessum.

Nú vill einhver koma á fót nýju æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda sýslumanni skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og umbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra manna um, að hún sé rétt og að þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir sýslumaður varplandinu ókeypis á næsta manntalsþingi.

7. gr.

Lögreglustjórar, hreppstjórar og hafnsögumenn skulu sérstaklega leiða athygli erlendra skipstjóra að lögum þessum, og skulu þau vera til útbýtingar hjá lögreglustjórum landsins á íslenzku, ensku, þýzku, frakknesku og dönsku.

8. gr.

Sektir þær, sem ákveðnar eru í lögum þessum, renna að $\frac{1}{3}$ í sveitarsjóð, en að $\frac{2}{3}$ til uppljóstrarmanns.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lög- 74
reglumál.

27. júní

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 58 10. nóv. 1913, um friðun æðar-
fugla.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

75

um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til 27. júní
bænda, er bíða tjón af þeim.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

I. KAFLI

Um framkvæmdastjórn.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 5 manna framkvæmdanefnd (sauðfjársjúkdóma-
nefnd), eftir tillögum landbúnaðarnefnda Alþingis, til þess að hafa á hendi stjórn
þessara mála. Hann skipar einn nefndarmanninn formann nefndarinnar. Nefndin skal
skipuð til þriggja ára í senn. Forfallist nefndarmaður á þeim tíma, er Alþingi er ekki
að störfum, skipar landbúnaðarráðherra mann í hans stað, þar til Alþingi kemur næst
saman.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra eftir tillögum nefndarinnar,
og annast hann dagleg störf og framkvæmdir eftir því, sem nefndin felur honum og
hann hefur umboð til.

3. gr.

Verkefni framkvæmdanefndar er:

1. Að hafa stjórn þeirra sóttvarnaráðstafana, er um ræðir í lögum þessum.
2. Að úthluta bótum eða styrktarfé, sem árlega er veitt í fjárlögum, til þeirra bænda,
er beðið hafa tjón af þessum sjúkdómum.
3. Að vinna að því, að bændur, sem hafa þá sauðfjársjúkdóma í fé sínu, er lög
þessi ná til, komi sér upp hraustari fjárstofni með úrvali eða fjárskiptum.
4. Að hafa yfirumsjón með fjárskiptum, er landbúnaðarráðherra hefur samþykkt.
5. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um þau mál, er sérstaklega standa í sam-
bandi við þessa sauðfjársjúkdóma.